



Allt milli himins og jarðar

Óskum eftir starfsfólki úr 5. - 10. bekk til að aðstoða nemendur Heklukots við skreytingar á blómapottum, múslígerð og ýmiskonar föndur. Æskilegt er að umsækjendur eigi gott með mannleg samskipti og hafi áhuga á að vinna með nemendum leikskólans.

Áhugasamir merki umsóknina

„Himinn og jörð“.



Bókaormarnir

Óskum eftir hugmyndaríkum og áhugasömum bókaormum úr 5.-10.b. Starfið felst í að hanna og framleiða bókamerki og gjafaöskjur úr bókum.

Áhugasamir merki umsóknir sínar: **Bókaormur**.




Brettin upp!



Ert þú með hugmyndaflugið í lagi! Langar þig að smíða, pússa, mála og lakka! Í okkar fyrirtæki framleiðum við iPad-standa, spilaborð, minnisborð og fleira. Mikil vinna í boði fyrir handlagna og hressa einstaklinga.

**Við óskum eftir einstaklingum úr 1.-10. bekk
Merkið umsóknina „brettin upp“.**



TAKIÐ EFTIR, TAKIÐ EFTIR!



Bæjarhellubandið auglýsir eftir hressum krökkum sem vilja slá í gegn á Bæjarhellunni með tónlist og söng.

Stefnan er að æfa nokkur lög og flytja á tónleikum á Bæjarhellunni



Stöðin hentar nemendum í 5.-10. b.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Fréttastofan

Fréttastofan leitar að hressum krökkum í 8.-10. bekk til að vinna fréttir á heimasíðu Bæjarhellunnar í texta, myndum og hreyfimyndum.

Leitað er að krökkum sem hafa áhuga á fjölmiðlum. Þeir þurfa að vera tæknisinnaðir, hafa áhuga á ljósmyndun og kvikmyndun, vera skýrmæltir, vandvirkir og hafa áhuga á íslenskri tungu. Ekki er nauðsynlegt að hafa þetta allt til að sækja um.

Helstu verkefni eru fréttaleit og skrif, viðtöl, handritsgerð, upptökur og klippingar.

Merkið umsóknir; Fréttastofan!



Heilsu og snyrtilindin.



Óskað er eftir starfsfólki úr 3.-10. bekk til að kynna og prófa. snyrtingu. slökun. nudd og yoga.

Einnig verða búnar til snyrtivörur.

**Umsækjendur þurfa að hafa brennandi áhuga á
snyrtingu og heilsu.**

Umsókn merkið Heilsu og snyrtilind



Kaffihús Bæjarhellunnar

Bæjarkaffi



Óskar eftir áhugasömum einstaklingum úr 1. - 10. bekk til að reka kaffihús. Í starfinu felst m.a. bakstur, afgreiðsla, uppvask, frágangur, hönnun matseðils og að búa til kökumix.

Áhugasamir sendi inn umsóknir merktar **Bæjarkaffi**



Mötuneyti Bæjarhellunnar

Hefur þú áhuga á matreiðslu og framreiðslu á mat?

Auglýst er eftir nemum í 8.-10. bekk sem eru snyrtilegir, jákvæðir og stundvísir.

Áhugasamir sendi inn umsóknir merktar **Mötuneyti**.



Sælgætis- gerðin



Óskum eftir dugmiklum einstaklingum í
3. – 10. bekk til starfa í **Sælgætisgerðinni**

Í sælgætisgerðinni búum við til ýmis konar góðgæti, t.d. brjóstsýkur,
súkkulaðistykki og fleira.

Ef þú ert duglegur og samviskusamur og hefur áhuga á góðgæti þá erum við
að leita að **ÞÉR** 😊

Merkið umsóknina: **Sælgætisgerðin**

Við óskum eftir duglegum ullarpöddum!

Fyrirtækið Ullarpöddur auglýsir eftir dugmiklum starfskröftum í 1. - 10. bekk.

Starfið felst í:

- * Hönnun skartgripa
- * Að útbúa skartgripa
- * Frágangi á söluvörum
- * Markaðssetningu



Ef þú ert skapandi, jákvæður, samviskusamur, glaðlyndur og
hjálpssamur þá leitum við að þér.

Góð laun fyrir rétta fólkið!

Umsóknir merkist **Ullarpöddur**



VÍKINGASMIÐJAN



Óskum eftir dugmiklum einstaklingum í
1. – 10. bekk til starfa í **VÍKINGASMIÐJUNNI**

Helstu verkefni er hönnun víkingaskjalda auk
annarra spennandi verkefna.

Ef þú ert listræn/n og getur unnið með timbur auk annarra
efna þá erum við að leita að **ÞÉR**

Merkið umsóknina: **VÍKINGASMIÐJAN**

Stuttmyndagerðin BH-grín

Stuttmyndagerðin **BH-grín** leitar eftir fyndnum, hressum, ófeimnum,
sniðugum og hugmyndaríkum leikurum í 1. – 10. bekk til starfa.

Helstu verkefni eru handritsgerð, upptökur, leiklist og fleira sem tengist
kvikmyndabransanum.

Ef þú telur þig vera þessum kostum gædd/ur skaltu sækja um hjá okkur og
merkja umsóknina **BH-grín**



blanda

Gúmmí-kerta-sápu-bombu-verkstæði híta

brytja

hella

Langar þig að læra að
búa til kerti?

Hefur þú áhuga á
umbúðahönnun?

Hefur þú áhuga á að út-
búa skartgripí?

Fylgist þú með tískunni?

Ef þú getur svarað ein-
verri spurningunni
játandi þá erum við að
leita að þér.

Góð laun bjóðast fyrir rétta fólkið.

Verkstæði þar sem við munum búa til sápur,
lyklakippur og skartgripí í nokkrum gerðum.

Einnig verða gerðar baðbombur og kerti í
hínum ýmsum litum frá grunní.

Mikið er lagt upp úr umbúðum og frágangí vör-
unnar.



Við erum að leita að áhugasömum
og duglegum einstaklingum í 1.–
10. bekk sem eru tilbúnir að leggja
sitt af mörkum í að þefa, þukla,
þræða og þrístá í form.

Umsóknir merkist :

Slöngukertasápubombuverkstæði

mæla

hræra

móta